

Rekstur og áætlanagerð - Námslýsing

Almennt um námið

Rekstur og áætlanagerð er verkefnadrifið nám sem byggir á raunhæfum verkefnum úr atvinnulífinu. Það skiptist í þrjá meginþætti: rekstur og lykiltölur, áætlanagerð í Excel og gerð viðskiptaáætlunar. Þátttakendur fá sérhannað Excel-líkan og geta unnið eigin viðskiptaáætlun sem lokaverkefni.

Fyrir hverja?

Námsleiðin er fyrir þá sem starfa við fjármál og rekstur og vilja styrkja grunnþekkingu sína án þess að hafa sérmenntun á því sviði. Hún hentar einnig þeim sem ætla sér að vinna að eigin rekstrar- eða viðskiptaáætlun.

Gert er ráð fyrir grunnkunnáttu í Excel, annars er mælt með að taka fyrst námskeið í tölvu- og reiknifærni eða Excel-grunni.

Markmið

Að loknu námi eiga þátttakendur að:

- hafa öðlast góða grunnþekkingu á þeim þáttum sem snúa að rekstri og fjárhagslegri afkomu fyrirtækja
- geta gert einfaldar fjárhagslegar greiningar og rekstraráætlanir

Námsþættir

Rekstur og lykiltölur

- Grunnhugtök í rekstrarhagfræði
- Fjárhagsleg afkoma fyrirtækja
- Bókhald og ársreikningar
- Tekjuskattur
- Virðisaukaskattur
- Launatengd gjöld
- Lykiltölur úr rekstri

Áætlanagerð í Excel

- Forsendur áætlanagerðar
- Tekjuáætlun
- Kostnaðaráætlun
- Rekstraráætlun
- Efnahagur

Gerð viðskiptaáætlunar

- Viðskiptahugmynd
- Ytri greining
- Innri greining
- Vöruþróun
- Staðsetning vöru á markaði
- Framtíðarsýn og markmiðasetning
- Aðgerðaráætlun
- Rekstraráætlun
- Stofn efnahagur
- Samantekt